

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9595. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 5. apríl 2016 og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Davíð Viðarsson Embættismaður og Sigurður Sveinn Guðmundsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. **1603002 - Gröf II_umsókn um stofnun lóðar úr upprunaeigninni Gröf 136279**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
2. **1601011 - Gilsbakki Hellissandi_umsókn um lóð fyrir atvinnu og /eða íbúðarhúsnæði**
Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindu fram að hausti í samráði við umsækjendur.
3. **1601013 - Hesthúsasvæði Ólafsvíkur_deiliskipulag vegna reiðskemmu**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
4. **1509011 - Hafnarsvæðið í Ólafsvík_tillaga að breyttu deiliskipulagi**
Deiliskipulag hefur verið lagfært í samræmi við athugasemdir. Deiliskipulagið er samþykkt samkvæmt 41. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010 og óskað er eftir því að gögn verði sendi til Skipulagsstofnunnar áður en auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
5. **1601010 - Verslunar- og þjónustulóðir Arnarstapa_ósk um að að láta ganga frá deiliskipulagstillögu fyrir verslunar- og þjónustulóðir á Arnarstapa vegna sölувagna og söluskála**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið ásamt svörum við athugasemnum samkvæmt 41. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010 og óskað er eftir því að gögn verði send Skipulagsstofnunnar áður en auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
6. **1604003 - Plássið Laugarbrekku_ósk eftir umfjöllun og kynningu á**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

deiliskipulagstillögu fyrir hótel á lóðinni

Umhverfis- og skipulagsnefnd fer fram á að deiliskipulagstillagan verði sett í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Nefndin bendir á að gera þurfi ráð fyrir nægum bílastæðum, sem samræmast þeirra starfsemi sem fara á fram í húsinu.

- 7. 1603006 - Sjónarhóll, Arnarstapa ósk um endurnýjun á lóðarleigusamningi**
Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að skoða málið. Málinu frestað.
- 8. 1603005 - Lýsuhóll ósk um deiliskipulag fyrir framtíðar uppbyggingu ferðaþjónustu á Lýsuhóli skv. meðfylgjandi gögnum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en gerir athugasemd við setningu undir liðnum þjónusta í deiliskipulaginu þar sem segir: „Hitaveita er frá borholu í landi Lýsuhóls“. Nefndin bendir á 5 gr. í samningi sveitafélagsins við landbúnaðarráðuneytið frá 16.3.1965 varðandi nýtingarrétt sveitarfélagsins á heitu vatni á Lýsuhóli þar sem stendur: „Leigutaki (sveitarfélagið) skuldbindur sig til að leyfa ábúanda Lýsuhóls eða jarðareiganda að tengja lögnum við heitavatnsæð, sem myndi flytja nægilegt vatnsmagn til að hita upp íbúðarhús á jörðinni án endurgjalds“. Það er því skilningur sveitarfélagsins að ekki sé um að ræða hitaveitu á Lýsuhóli nema fyrir upphitun á íbúðarhúsi. Nefndin fer því fram á að texta varðandi hitaveitu verði breytt í deiliskipulagi fyrir Lýsuhól. Nefndin mun vísa málinu í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli að uppfylltum þessum skilyrðum.
- 9. 1501009 - Skarðsvík ósk um vinnu að deiliskipulagi fyrir Skarðsvík og umhverfi í Snæfellsjökulsþjóðgarði.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið ásamt svörum við athugasemnum samkvæmt 41. gr. Skipulagslag nr. 123/2010 og óskað er eftir því að gögn verði send Skipulagsstofnun áður en auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- 10. 1511005 - Hótel Búðir_drög að skipulagslýsingu v.stækkunar hótels. Ósk um samþykki fyrir auglýsingu á skipulagslýsingu**
Samþykkt er að beina tillögu fyrirhugaðs deiliskipulags í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Bent er á að í deiliskipulagi þarf að gera grein fyrir vatnsöflun vegna slökkvivatns.
- 11. 1604002 - Gröf_umsókn um leyfi til endurbóta á fjárhúsi og hlöðu og 36 fm. viðbyggingu. Á að nota sem gistiaðstaða og veitingasal**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki umsagnaraðila.
- 12. 1603008 - Sjómannagarðurinn_umsókn um leyfi fyrir 14,9 fm. verkfærahúsi**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Pétur víkur af fundi,

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og staðsetning verði í samráði við byggingarfulltrúa.

13. 1509003 - Hellisbraut 20_umsókn um breytingu á efrí hæð húsnæðis í íbúðarhús

Pétur kemur inn.

Lóðin að Hellisbraut 20 er á svæði sem er skilgreint sem athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi. Í frumdrögum að aðalskipulagi er gert ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem íbúðarsvæði. Þegar það gengur eftir, verða settar kvaðir á athafnastarfsssemi á reitnum varðandi hugsanlega mengun o.fl. Fallist er á erindið með því skilyrði að íbúð á efrí hæð verði eingöngu nýtt af þeim sem hefur atvinnustarfsssemi á neðri hæð, þar til nýtt aðalskipulag öðlast gildi. Íbúðin verði ekki til ráðstöfunar fyrir aðra og miðað við gildandi aðalskipulag geta íbúar á efrí hæð ekki gert kröfu gagnvart atvinnustarfsssemi á neðri hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki umsagnaraðila.

14. 1205007 - Malarrif_umsókn um byggingarleyfi Malarrif - útihús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

15. 1602001 - Ennisbraut 1_umsókn um leyfi fyrir endurbótum á húsnæði. Skipta um glugga, setja tvo nýja glugga skipta um þak, klæða hús að utan og tvöfalda inngang á norðurgafli

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki umsagnaraðila og kallað eftir ítarlegri teikningum.

16. 1603011 - Arnarstapahöfn_umsókn um leyfi til að koma upp bátaafgreiðslu við höfnina á Arnarstapa skv. meðfylgjandi teikningu

Umhverfis- og skipulagsnefnd vísar erindinu til umsagnar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.

17. 1603004 - Skólabraut 8_umsókn um leyfi til að klæða suður- og vesturhlið

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

18. 1603003 - Mýrarholt 5_umsókn um breytingu á húsi

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar Íslands.

19. 1603007 - Fögruvellir_umsókn um viðbyggingu við eldri skúr skv. teikningu

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

- 20. 1604001 - Litli Kambur_ umsókn um byggingarleyfi fyrir að breyta gamalli hlöðu í veitingarstað.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki umsagnaraðila.

- 21. 1604004 - Dalbraut 3- tjaldsvæðið í Ólafsvík_sótt er um niðurrif á gamla tjaldstæðahúsinu í Ólafsvík**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 22. 1604005 - Norðurtangi 3_óskar eftir leyfi til að bæta við keyrsluhurð á húsnæðið**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 23. 1603001 - Sölugámur við fótboltavöllinn í Ólafsvík_stöðuleyfi sumarið 2016**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 24. 1602003 - Grundarslóð 12_umsókn um stöðuleyfi fyrir 3 hjólhýsi í sumar**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 25. 1603013 - Knattspyrnudeild Víkings Ólafsvíkur_umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 26. 1603009 - Fjölnota íþróttahús (suðvestan v. Hjallabrekku)_fyrirspurn**

Umhverfis- og skipulagsnefnd kynnti sér þau gögn sem lágu fyrir en bendir á að skv. gildandi skipulagi er þetta ekki skipulagt byggingarsvæði. Til að hægt sé að fjalla um þetta erindi þurfa að liggja fyrir nákvæmari gögn. Nefndin tekur jákvætt í að skoða þessa staðsetningu sem lögð er fram sem tillaga A.

- 27. 1603010 - Klettsbúð 7a_fyrirspurn um úthlutun lóðar með sameiningu við Klettsbúð 9 í huga**

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en ekki er talin þörf á sameiningu lóða fyrr en að framkvæmdum verður.

- 28. 1603012 - Umhverfisviðurkenningar _erindi frá byggingarfulltrúa. Vorhreinsun og átak í fegrún lóða í Snæfellsbæ**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að farið verði í vorhreinsun eins og verið hefur.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Önnur mál

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur Tæknideild Snæfellsbæjar að gera úttekt á því í sveitarfélaginu hvort búið sé í húsnæði sem ekki er skilgreint sem íbúðarhúsnæði og hvort seld sé gisting í húsnæði sem ekki hefur tilskilin rekstrarleyfi. Ef um slíkt er að ræða þá er Tæknideild falið að bregðast við því með viðeigandi hætti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10.